0004952

Bialetti Mokka Express 3 bolla svart

Verð: 5.950 kr.

Tilboðsverð: 4.641 kr.



Bialetti Mokkakanna Svartur litur. Mokka kannan virkar þannig að vatn er sett í botninn á henni og kaffið í sérstakt hólf að ofan. Við suðu mun vatnið eimast í gegnum kaffikorginn og safnast fyrir í efra hólfi könnunar. Italia mokkakannan virkar á allar tegundir helluborða, nema spanhelluborð. Það var árið 1933 sem ítalski verkfræðingurinn Alfonso Bialetti hannaði hina byltingakenndu mokkakönnu og varð fyrirtækið í kjölfarið einn fremsti ítalski framleiðandi á kaffivélum.
Mokkakannan breytti því hvernig fólk drakk kaffi og hafði gífurleg áhrif á ítalska kaffimenningu en ekki leið á löngu þar til kannan hafði dreift sér á heimili um allan heim. Það má alls ekki setja mokkakönnuna í uppþvottavél og ekki er nauðsynlegt að þvo hana með sápu heldur. Best er að handþvo könnuna með heitu vatni.
Bialetti Mokkakanna svört kemur í tveimur stærðum, sem 3 bolla kanna og 6 bolla kanna. Stundum getur verið vandi að velja stærð á könnu en þá er gott að miða við að 3 bolla mokkakannan er flott fyrir einn eða tvo að deila en 6 bolla kannan er flott fyrir tvo til þrjá að deila.
Bollastærðin er neflilega miðuð út frá espresso stærð en espresso bollar eru um 10 cl að stærð. Hefðbundni “íslenski“ morgunbollinn er töluvert stærri.

- Þolir ekki uppþvottavél
- Litur: svart
- 200ml rúmmál
- Virkar ekki á spanhellur

Rafha
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími: 588-0500
rafha@rafha.is
www.rafha.is